

Eystrahorn

39. töl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 10. nóvember 2022

www.eystrahorn.is

Opinn sjóndeildarhringur er verðmæti sem við verðum að varðveita

Bjarki Bragason er listamaður sem er Hornfirðingum góðkunnugur. Árið 2021 sýndi hann á Svavarsafni sýninguna Samtímis, en það var samstarfsverkefni með listasafni ASÍ. Á þeirri sýningu skoðaði Bjarki m.a. trjáleifar sem fundust við rætur Breiðamerkurjökuls. Bráðnun jökulsins sem hefur leitt í ljós fornar plöntuleifar hafa verið Bjarka mjög hugleiknar en hann tók þátt í leiðangri með náttúrustofu Suðurlands við gerð sýningarinnar. Enda segir Bjarki þegar hann er spurður um hvernig listamaður hann sé, að hann kanni hvernig tími mannsins og jarðfræðilegur tími skarist:

„Ég fjalla um þá skörun sem á sér stað á okkar tímum, sem haldið hefur verið fram að kalla skuli mannöldina, það jarðfræðilega tímabil sem nú ríkir þar sem manneskjur hafa áhrif á jörðina. Ég sækí innblástur í leifar, rústir, staði í byggðu og náttúrulegu umhverfi þar sem hægt er að greina árekssturinn á milli mannskra kerfa og kerfa jarðarinnar.

En Bjarki kannar ekki bara risastór fyrirbæri eins og skóga og jökla: „Ég rannsakaði húsagarð ömmu

minnar og afa undanfarin 13 ár, en eftir að þau féllu frá hefur garður sem þau ræktuðu á melum á Kársnesinu í Kópavogi og breyttu úr gróðurlitlu jökulkappa landslagi í stóran og ræktaðan húsagarð á árunum 1945-2009 fallið í órækt og orðið villtur. Plöntur sem reiða sig á manninn og skipulag okkar eru á undanhaldi og gefa eftir nýjum plöntutegundum sem eru áttaviti á breytingar í vistkerfinu.

Á sýningunni Tilraun Æðarrækt sem nú er uppi á safninu er Bjarki með fjórar stórar loftmyndir af einu helsta varplendi æðarfugla á Íslandi, sem vill svo til að er hluti af jörð Bessastaða. Á ljósmyndunum eru byggingar og vegir þaktir málningu, og ef áhorfandinn horfir á verkio frá hljóð þá er hægt að sjá skuggann af málningunni á myndfleti ljósmyndarinnar.

Kom það þér á óvart að svona mikið land heyrði undir náttúru í miðju höfuðborgarsvæðisins?

„Já það kom mér á óvart og vakti mig til umhugsunar hversu dýrmætt það er að við séum ekki búin að byggja á öllum svæðum í kring um borgina. Mér finnst opinn sjóndeildarhringur vera verðmæti sem við verðum

að hugsa um og varðveita. Graslendið á Bessastaðanesi er náttúruparadís sem á sér ríka menningarsögu, sem er samt þess eðlis að hún er skrifuð í landslagið sem þúfur og töftir, rústir varnarvirkis, og litlir stígar og auðvitað mikil fuglabbyggð. Þetta eru gæði sem við ættum að varðveita um ókomna tíð.

Hvernig var að vinna verkefni með æðarfuglum?

„Það var mjög ánægjulegt að vinna með æðarfuglinn.

Ég kynntist æðarbóndanum sem ég vann með og fjölskyldu hans og fékk innsýn inn í hversu marglaga og djúpt samband er á milli manneskjunnar og fuglsins. Ég átti erfitt með að finna hvernig ég ætlaði að nálgast þetta ferli listrænt séð, en tók virkan þátt í þrjú sumur í dúnleit tvisvar á sumri og komst í góða æfingu við að tina dúninn og læra



grunninn í hvernig dúnleitinn fer fram. Mér þótti það merkilegt, hvernig manneskjan gengur um svæðið í hóp, það er háþróað kerfi. Að lokum fær Bjarki sömu spurningu og allir aðrir listamenn sýningarinnar. Hvað finnst þér að allir ættu að vita um æðarfugla? „Þessir fuglar geta orðið gamlir, yfir 20 ára, það finnst mér merkilegt!

Gengur þú með dulda sykursýki ?

Alþjóðlegi Sykursýkisvarnardagurinn er 14. nóvember ár hvert. Sykursýki er efnaskiptasjúkdómur sem dregur nafn sitt af auknu sykurmagni í blóði. Til eru tvær tegundir sykursýki. Tegund 1 sem stafar því að frumurnar sem framleiða insúlín eyðileggjast. Tegund 2 áunninn sykursýki. Báðar tegundirnar eru í mikilli sókn, talið er að jafnvel þúsundir einstaklinga gangi með dulda

sykursýki. Undanfarin ár höfum við félagskonur í Lionsklúbbum Kolgrímu staðið að því að bjóða upp á blóðsykursmælingar við góðar undirtektir bæjar- og sýslubúa. Hafa hátt í, á annað hundrað manns komið í mælingu til okkar á þessum degi, þar af höfum við vísað um 10% af fara fastandi í frekari mælingu á heilsugæslustöð. Markmið okkar með þessari

mælingu er að vekja almenning til umhugsunar um hættuna sem getur stafað af því að ganga með dulda sykursýki.

Ætlum við Lionskonur að bjóða upp á frjár blóðsykursmælingar í Nettó föstudaginn 11. nóvember frá kl. 11:00 og fram eftir degi eða á meðan birgðir endast.

Hvetjum við alla til að koma í mælingu.

Lionsklúbburinn Kolgríma



Höfum við opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00.

Jólavörur streyma í hús, Starleds led úti séríur.

Úrval af rúmum og göflum
Verið velkomin

Húsgagnaval

Húsgögn og gjafavörur

Símar:

478-2535 / 898-3664



HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 13. nóvember
Sunnudagaskóli kl. 11:00

Við munum syngja, hlusta á sögu,
lita og hafa gaman
Djús og kex eftir stundina.
Allir velkomnir



HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 13. nóvember
Messa kl. 14:00.

Ný sálmaþók helguð og tekin í
notkun.
Eftir messuna verður boðið uppá
léttar veitingar í safnaðarheimili.
Allir velkomnir



Frumherji
Bifreiðaskoðun á Höfn
21., 22. og 23. nóvember.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 18. nóvember.
Síðasta skoðun ársins.

Frumherji

Pegar vel er skoðað

JÓLASEDILL PAKKHÚSSINS

EINS OG UNDAFARIN ÁR VERÐUR
PAKKHÚSÍÐ MÆÐ JÓLASEDIL Í GANGI Á
ADVENTUNNI

FÖSTUDAGINN 2. DES. OG LAUGARDAGINN
3. DES KL 18:30

NÁNAR UM JÓLASEDILLINN ER INNÁ
WWW.PAKKHUS.IS

PANTANIR Á -JOL@PAKKHUS.IS OG 478 2280

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



FÉLAGSVIST. Þriðja og
síðasta kvöldið fimmtudaginn
10. nóvember kl. 20:00 í Ekrú.

VÖFFLUBALL sunnudaginn
13. nóvember kl. 15:00 í Ekrú.
Nú verður fjör.

AFMÆLISFAGNAÐUR 1. des. Munið
að skrá ykkur fyrir 15. nóvember hjá
Guðbjörgu s: 692 2936 eða Lúcíu s:
866 8030.

**Öll rjúpnaveiði er bönnuð í landi
Skálafells II í Suðursveit**

Landeigendur

Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir
eftir umsóknum um **náms- og rannsóknarstyrk** fyrir
árið 2022. **Úthlutað verður kr. 1.600.000 í styrki
þetta árið.**

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að
rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi.
Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna
ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir
Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember næst-
komandi og skulu umsóknir vera sendar á netföngin
eyjolfur@fraedslunet.is eða ingunn@hfsu.is.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á
www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.

Fræðslunetið
Símenntun á Suðurlandi

FRÁ FERÐAFÉLAGINU

**12. nóvember. Skinneyjarhöfði
Mýrum, jeppaferð**



Brottför verður frá afgreiðslu tjaldsvæðis á
Höfn kl.10:00, einnig er hægt að mæta við afleggjarann
niður að Flatey (býlinu) kl.10:30. Öllum er velkomið að
hafa samband fyrir nánari upplýsingar,
Hrafn S: 8690192. Erfiðleikastigið er 4X4
Þátttökugjald í göngu er kr.1.000 fyrir einstakling,
1.500 fyrir pör og frítt fyrir 18 ára og yngri.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:.....HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður:.....Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófarfalestur:.....Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

**Lumar þú á
áhugaverðu efni í
Eystrahorn?**

*Við hvetjum þig til
að senda okkur
línu á eystrahorn@eystrahorn.is*

Af hverju gervigras?

Mikið hefur verið rætt um þann sterka vilja okkar í knattspyrnudeild Sindra að fá gervigras á Sindravelli. Sitt sýnist hverjum varðandi þá kröfu og langar mig að leggja fram rök og staðreyndir um af hverju það sé algjörlega nauðsynlegt fyrir heilsueflandi samfélagið Höfn að lagt verði gervigras á Sindravelli sem allra fyrst.

Núverandi aðstaða

Í dag höfum við fimm mismunandi svæði til æfinga og keppni fyrir yngri- og meistaraflokkana.

Báran er frábær, yfirbyggður hálfur gervigrasvöllur, en vandamálið við Bárúna er að hún er ekki í fullri keppnisstærð og því ekki hægt að keppa eða æfa til keppni.

Sindravöllur er okkar keppnisvöllur og var grasið lagt árið 2006. Eins fallegur og völlurinn er í fjarska þá er hann ónýtur. Hann drenar ekki sem gerir það að verkum að ef það rignir þá er hann óleikfær og því langt frá því að þola æfinga- og keppnisálag félagsins. Vegna þessa hefur knattspyrnudeildin þurft að færa leiki hjá meistaraflokkum og yngri flokkum, inn á Nesjavöll, Mánagarð í sumar vegna ástands Sindravallar.

Æfingasvæði við Sindravöll er ónýtt. Svæðið drenar illa og yfirborðið er hart, hólótt og hættulegt fyrir iðkendur.

Grassvæði austan Víkurbrautar er æfingasvæði fyrir yngstu iðkendur okkar. Það er ágætis æfingavöllur sem hentar fyrir þann hóp.

Nesjavöllur, Mánagarður er áratuga gamall völlur sem er ekki viðhaldið. Aðstaða fyrir lið til keppni og dómara er óviðundandi og engin umgjörð er í kringum hann líkt og vallarklukka og áhorfendavæði svo eitthvað sé nefnt. Þá er ekki hægt að vökva völlinn nema með aðstoð slökkviliðs þar sem vatnsból Nesjahverfis annar ekki vatnsþörf vallarins.

Enginn keppnisvöllur sjö mánuði ársins

Margir halda að fótþolti sé bara sumarþrótt en það er úrelt form knattspyrnunnar. Frá því fyrir aldamót hefur verið æft og keppt allt árið um kring, hjá öllum félögum á landinu. Stefna KSÍ er að lengja Íslandsmótið til þess að auka leikjum yfir árið og með því



Framkvæmdir á Sindravöllum árið 2006

erum við að nálgast knattspyrnumenningu nágrannaþjóða okkar. Þá má nefna sem dæmi að Færeyingar byrja sitt landsmót í mars. Það er ekki möguleiki að spila vetrarleiki á öllu suðausturlandi eins og staðan er í dag. Næstu gervigrasvellir við okkur eru á Reyðarfirði í aðra áttina og Selfoss í hina. Síðasta vetur spilaði meistaraflokkur karla til að mynda 6 heimaleiki að heiman og 3. flokkar karla og kvenna byrjuðu sitt Íslandsmót 1. mars. Þar sem Sindri getur ekki spilað heimaleiki frá október til maí þá voru fyrstu þrjú til fjórir heimaleikirnir í báðum flokkum spilaðir í Reykjavík, nánar tiltekið á Leiknisvelli í Breiðholti. Þar þarf Sindri að leigja völl og borga dómurum ofan á venjulegan ferðakostnað sem fylgir útileikjum. Hvert ferðalag til Reykjavíkur kostar fjölskyldur og félagið mikið fjármagn. Þessir aukaleikir eru líklega að kosta hverja fjölskyldu vel yfir 100.000 kr. á ári.

Keppnisvöllurinn okkar er það illa á sig kominn að erfitt er að bjóða upp á æfingaraðstöðu í keppnisaðstöðum. Þetta var veruleiki okkar í sumar en tólf til fjórtán ára krakkar fengu til að mynda aðeins þrjár æfingar á Sindravöllum í ár. Völlurinn hreinlega þolir ekki meira æfingaálag og því fengu krakkarnir aðeins þessar þrjár æfingar á fullum keppnisvelli. Ég efa að nokkurt annað félag á Íslandi hafi boðið krökkum sem æfa knattspyrnu uppá það

að æfa einungis þrjár æfingar allt árið við keppnisaðstöður.

Aðstaðan eins og hún er í dag er óboðleg

Knattspyrnudeild Sindra hefur síðustu tvö til þrjú ár farið í mikla vinnu við það að endurskipuleggja starfið sitt. Félagið hefur fjárfest í innra starfi sem er sýnilega að skila sér. Ungu fólkið okkar er að vekja athygli hjá félögum í efstu deildum á landinu, þau eru að fara til útlanda á skólustyrkjum og við erum að sjá þau stíga sín fyrstu skref með yngri landsliðum. Við erum ákaflega stolt af þeirri vinnu sem við höfum lagt í okkar starf og erum rétt að byrja mjög metnaðarfullt ferðalag þar sem við sinnum okkar iðkendum vel. Okkar einlæga ósk er að iðkendur fái sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra annarsstaðar á landinu. Að þrátt fyrir landfræðilega áskorun ná þau að iðka sína íþrótt og áhugamál á jafnréttisgrundvelli við aðra iðkendur á landinu.

Eins og aðstaða okkar er í dag þá er hún langt frá því að vera boðleg okkar iðkendum. Að geta ekki spilað heimaleiki á Íslandsmóti er óboðlegt. Að geta ekki æft við þær aðstöður sem við keppum á er óboðlegt. Að þurfa að ferðast auka 2.664-3.552 km vegna þess að við getum ekki spilað heimaleikina okkar heima, er óboðlegt. Að mínu mati er þetta á skjön við það heilsueflandi sveitarfélag

..framhald á næstu síðu

Sviðaveisla Lions

Verður fimmtudaginn 17. nóvember á neðri hæð Pakkhússins frá kl. 18:00
Verðum með söltuð og fersk svið, rófur og kartöflur.
allur ágóði sviðaveislunnar rennur óskiptur til líknarmála í Hornafirði.

Ekki verður tekið við kortum.

Lionsklúbbur Hornafjarðar



Eystrahorn

sem við gefum okkur út fyrir að vera þar sem álagið við auka ferðalög iðkenda yfir vetrartímamann hefur áhrif á líkamlega heilsu þeirra sem og andlega heilsu.

Hvað gerir gervigras fyrir okkur?

Með gervigrasi mun nýting Sindravallar stórauðkast. Notkunin undanfarin ár hefur verið um 160-170 klst. á ári. Við erum að sjá það í ár hversu ástandið er virkilega slæmt þar sem notkunin fór undir 100 klst. Með tilkomu gervigras myndi nýting vallarins verða hátt í 2500 klst. á ári. Völlurinn yrði aðgengilegur allt árið um kring í skipulagðar æfingar og keppnir fyrir knattspyrnudeildina en einnig fyrir almenna bæjarbúa. Möguleikarnir opna einnig á starf fyrir eldri borgara, frjálsan leik hjá börnum í sveitarfélaginu sem og heilsueflandi svæði fyrir fólk á öllum aldri. Verið er að skoða möguleika um að byggja

íþróttahús á æfingarsvæði okkar. Ef svo verður myndi það gera slæmt ástand enn verra. Um leið og byrjað verður á nýju íþróttahúsi missum við það litla æfingarsvæði sem við höfum núna. Gervigras myndi leysa það. Allir flokkar gætu æft og spilað á vellinum án vandræða.

Að lokum

Fyrirsögn greinarinnar er „Af hverju gervigras?“. Það er einfalt. Gervigras færir félaginu okkar það sem þarf til að fylgja framþróun knattspyrnuhreyfingar á Íslandi. Iðkendur okkar fá möguleika að keppa á jafnréttis grundvelli með því að æfa á keppnisvelli oftar en þrisvar sinnum yfir árið. Ferðalög minnka, kostnaður á fjölskyldur minnkar og sá mikli kostnaður félagsins sem fer í ferðalög minnkar. Gervigras gefur okkur 2500 klst. ástundun í keppnisaðstæðum á móti 100 klst. sem voru á Sindravöllum í sumar. Þó að við værum með besta grasið



á landinu þá myndi það ekki anna þeirri notkun sem knattspyrnudeildin kallar eftir. Öll rök renna því stöðum undir þá skoðun mína að gervigras á Sindravöll sé algjört forgangsmál sem þolir enga bið. Þetta á að vera krafa allra fjölskyldna þeirra 150 iðkenda sem stunda knattspyrnu hér í bæ.

*Óli Stefán Flóventsson
UEFA Pro þjálfari.*

Þjálfari meistaraflokks & yngri flokka Sindra

